

Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

63. fundur, haldinn í Húsinu, Staðarbergi 6. þriðjudaginn 7. janúar 2014, kl. 21:00

Fundinn sátu: Ína Kathinka Steindórsdóttir, Thelma Líf Sigurðardóttir, Jón Foss Guðmundsson, Sverrir Valgarður Þrastason, Elín Lára Baldursdóttir, Birgitta Ósk Bates Gústafsdóttir, Bekka Rut Þorbjörnsdóttir, Yngvi Freyr Óskarsson, Veiga Dís Hansdóttir, Brynhildur Ýr Jónsdóttir og Helga María Helgadóttir

Afboðuðu: Eypór Agnarsson, Þórdís Dröfn Andrésdóttir, Christine Mae Valesco, Kristbjörg Víðisdóttir og Kristjana Rós Sigurðardóttir

Fundargerð ritaði: María Birna Jónsdóttir, starfsmaður Ungmennaráðs

Dagskrá:

1. Fundarstjóri

Samþykkt að Veiga Dís Hansdóttir sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður 28. janúar 2014

2. „Training course“ - fyrir nýliða

Stefnum á að vera með fræðslu fyrir nýliða um meðal annars fundarsköp og helstu hlutverk UMH. Hvað leiðir eru farnar til þess að koma skoðunum ungs fólks til rétttra aðila innan stjórnkerfisins og ýmislegt fleira. Farið verður í hópefli og ýmsa leiki. Pöntuð pítsa. Staður, Húsið. Dagsetning, 4. febrúar. Stund, kl. 19:00.

3. Hálka á götum bæjarins

Í flestum hverfum er erfitt þessa dagana að komast leiðar sinnar fótgangandi. Ungmennaráð Hafnarfjarðar hvetur bæjaryfirvöld til þess að bæta úr þessu öryggisins vegna. Hættulegt er fyrir gangandi vegfarendur að komast leiða sinna og ekki gott ef fólk er að ganga út á götum vegna ófærðar á gangstéttum bæjarins. Dimmt er á morgnanna þegar börn og ungmenni eru á leið í skólann og nauðsynlegt að sanda þær gönguleiðir sem liggja að skólum bæjarins.

4. Verkefnið „stóra stökkið“

Jón Foss Guðmundsson og Helga María Helgadóttir greindu frá verkefninu

5. Önnur mál

- umræður um landsmót Ungmennaráða. Yngvi, Sverrir, Bekka og Ína

- súpuhittingur 21. janúar, Birgitta Ósk Gústafsdóttir og Jón Foss Guðmundsson kynntu skipulag súpukvöldsins

- umhverfis-og framkvæmdaráð bóka 18. desember 2013 eftirfarandi: 2. 1312049 - Strætóbiðskýli

Lögð fram bókun Ungmennaráðs Hafnarfjarðar á 60 fundi: UMH hvetur Strætó að koma upp fleiri strætóskýlum. Þau eru allt of fá í Hafnarfirði og þar sem veður getur verið ansi erfitt á köflum þá er gott að geta skýlt sér í skýli á meðan það er verið að bíða eftir strætó.

Niðurstaða fundar: Umhverfis- og framkvæmdarráð óskar eftir tillögum frá Ungmennaráði, Öldungarráði og Strætó bs um hvar í Hafnarfirði væri ákjósanlegast að setja niður biðskýli. Umhverfis- og framkvæmdarráð óskar eftir því að umhverfisteymið vinni úr þessum tillögum og kynni fyrir ráðinu 3 ára ætlun um fjölgun biðskýla.

Thelma Líf Sigurðardóttir, Sverrir Valgarður Þrastasson, Yngvi Freyr Óskarsson og Bekka Rut Þórbjörnsdóttir munu koma með tillögur um ákjósanlega staðsetningu biðskýla.

Næsti fundur áætlaður 28. janúar 2014. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:47